

Sp.

116. Tillaga til þingsályktunar

[98. mál]

um raforkumál.

Flm.: Jón Árnason, Gunnar Gíslason, Matthías Bjarnason, Friðjón Þórðarson, Ólafur G. Einarsson, Lárus Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Geir Hallgrímsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra að vinna að eftirfarandi stefnumörkun í raforkumálum:

1. Raforkuiðnaðurinn verði efldur, svo að tryggð verði næg og sem ódýrust og öruggust raforka til allra notenda, með því að:
 - a) orkubúskapurinn verði rekinn með hag alþjóðar fyrir augum,
 - b) stærstu verkefnið við orkuvinnsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar,
 - c) hagkvæmni-, öryggis- og umhverfissjónarmið verði lätin ráða við val á mannvirkjagerð til raforkuiðnaðar,
 - d) fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkuiðnaðarins,
 - e) unnið verði að verðjöfnun rafmagns um land allt, með því m. a. að veita óafturkræft stofnframlag til framkvæmda og jafna þannig aðstöðu raforkufyrirtækjanna, þar sem aðstæður eru óhagkvæmaster,
 - f) tryggð sé eðlileg arðgjöf raforkufyrirtækja miðað við raunhæft endurmat eigna.
2. Stefnt verði að því, að orkuvinnslufyrirtæki séu sameign sveitarfélaga og ríkis eða eign sveitarfélaga, sameignarfélaga þeirra eða hlutafélaga.

3. Stefnt verði að samtengingu raforkuvera og raforkukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar, eða í öryggisskyni.
4. Orkuvinnslufyrirtæki verði sameinuð í landshlutafyrirtæki, eftir því sem hagkvæmt er talið, og að því unnið þannig, að:
 - a) samtenging fyrirtækjanna grundvallist á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins,
 - b) skipting landsins í orkuvinnslusvæði markist af aðstæðum og
 - c) tryggt sé, að meiri hluti stjórnar orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.
5. Komið verði á fót samstarfsnefndum landshlutafyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
6. Unnið verði að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga, sameignarfélaganna þeirra og/eða hlutafélaga.
7. Stefnt verði að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja fari eftir landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa þó ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.

Greinargerð.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem að ofan greinir, var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá eigi fullnaðarafgreiðslu og er því endurflutt. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Með þessari tillögu til þingsályktunar um raforkumál er í stórum dráttum mörkuð framtíðarstefna um skipan raforkumálanna í landinu.

Skömmu áður en orkulögin frá 1967 voru sett, hafði Alþingi samþykkt lög um Landsvirkjun og Laxárvirkjun, tvö raforkufyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga fyrir tiltekin svæði í landinu.

Segja má, að með þeirri samþykkt hafi Alþingi markað þá stefnu, sem einnig kemur fram í þessari tillögu, þ. e. að skipta landinu í orkuveitusvæði eftir hagkvæmum landfræðilegum mörkum og stjórnunarlegum, t. d. í samræmi við núverandi kjördæmaskipan. Í öllum landshlutum eru nú þegar fyrir hendi raforkuver, sem eðlilegt væri að byggðu grunninn undir þessa skipan mála.

Menn átta sig sífellt betur á því, að það er allri landsbyggðinni fyrir bestu, að öll sú þjónusta, sem um er að ræða og nauðsynleg er til hagkvæmrar byggðaðróunar, verði í ríkari mæli, eftir því sem við verður komið, færð frá miðstjórnarvaldinu í Reykjavík yfir til landsbyggðarinnar sjálfar.

Skipan raforkumálanna er þar engin undantekning, því að fjarstýringar frá einhverri miðstöð í höfuðborginni er ekki þörf, umfram það, sem auðvitað er eðlilegt, að raforkuráðuneytið hafi með höndum yfirstjórn raforkumálanna.

Segja má, að raforkumálin, eða framkvæmd þeirra, standi á tímamótum um þessar mundir. Að rúmlega einu ári liðnu er gert ráð fyrir, að lokið verði lögn dreifilína um landið eða að öll þau býli í landinu, sem gert er ráð fyrir að fái rafmagn frá samveitum, hafi þá verið tengd við samveitukerfið.

Hitt er svo annað mál, að öll efling raforkuiðnaðarins og allt viðhald og aukning dreifilína verða að sjálfögðu varanlegt verkefni framtíðarinnar.

Að sjálfögðu verður að gera ráð fyrir, að sú skipulagsbreyting, sem hér er lagt til að komið verði á, eigi sér stað í áföngum og komi til framkvæmda, eftir því sem um semst og aðrar ástæður leyfa.

Ýmis sveitarfélagasambönd hafa nú þegar tekið þessi mál til athugunar, og er unnið að því að kanna möguleika heima fyrir um samstarf til eflingar á raforkuframleiðslunni og samrekstur dreifilína.

Með þessari tillögu er lagt til, að fólkið í byggðum landsins fái sem beinust áhrif á stjórn raforkumálanna, og enda þótt um sé að ræða sameign ríkis og sveitar-

félaga, þá skal þess jafnan gætt, að meiri hluti stjórnar landshlutafyrirtækjanna sé búsettur á viðkomandi orkusvæði.

Gert er ráð fyrir, að stærstu verkefni við orkuframleiðsluna verði leyst með sameiginlegu átaki alþjóðar. Getur þar verið um að ræða, að samstarf takist milli ríkis og sveitarfélaga eða samtaka þeirra. Um eignarhlutföll er eðlilegt, að þau verði ákveðin með samningum milli aðila.

Af öryggisástæðum og með hagkvæmnisjónarmið raforkusvæðanna fyrir augum skal að öðru jöfnu lögð á það höfuðáhersla að nýta sem fyrst á hverju orkusvæði þær orkulindir, sem fyrir hendi eru, en að öðru leyti ber að stefna að samtingum hinna ýmsu orkusvæða, eftir því sem hagkvæmt þykir og samningar takast um.

Í tillögu þessari er gert ráð fyrir, að stefnt verði að verðjöfnun á raforkunni, þannig að verð á raforku til sömu nota verði sem jafnast á öllu landinu.

Til þess að ná því marki er talið eðlilegt, að greitt verði óafturkræft framlag til handa þeim orku- eða samveitum, sem eiga við óhagstæðustu aðstæður að búa, og jafna þannig aðstöðumuninn.

Varðandi sjálfar dreifiveiturnar skal að því stefnt, að þær verði í sem stærstum einingum innan hvers landshluta og séu að öllu leyti í eigu íbúanna sjálfra og undir þeirra stjórn. Með því móti verður auðveldara að byggja upp og staðsetja í héruðunum sjálfum nauðsynlega tæknipjónustu með hæfilegu starfsliði og tryggja um leið meiri hagkvæmni í rekstrinum og betri og öruggari þjónustu heldur en ef um væri að ræða starfshópa með fjarstýringu frá miðstjórnarvaldi í Reykjavík.

Hér með fylgir sem fylgiskjal greinargerð um meginniðurstöður ráðstefnu S. Í. R. um raforkumál, sem haldin var 12.—13. okt. 1972.

Fylgiskjal.

Greinargerð ráðstefnu S. Í. R. 12.—13. okt. 1972.

Það er sameiginlegt álit stjórnar S. Í. R. og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, að meginniðurstaða ráðstefnu S. Í. R. hafi orðið eftirfarandi:

Inngangur.

1. Markmið raforkuiðnaðarins er að tryggja næga og sem ódýrasta raforku af viðunandi gæðum til allra notenda og að orkubúskapur þjóðarinnar verði rekinn með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum. Viðræður skulu teknar upp milli eigenda raforkufyrirtækja um sameiningu þeirra í stærri einingar, þar sem hagkvæmt er talið. Skal hún grundvallast á frjálsum samningum, framlögum aðila og mati á gildi markaðarins. Samtök sveitarfélaga og iðnaðarráðuneytið beiti áhrifum sínum til að stuðla að framgangi málsins.
2. Skipting landsins í svæði markast af aðstæðum á hverjum stað. Hugsanleg framtíðarskipan er skipting í eftirtalda landshluta: Norðurland, Vesturland, Reykjanes, Suðurland, höfuðborgarsvæðið, Vestfirði og Austurland.
3. Tekjur Orkusjóðs skulu auknar umfram það, er um getur í 68. gr. orkulaga, með almennum orkuskatti, er komi í stað núverandi verðjöfnunargjalds og leggist á síðasta sölustig orkunnar. Kemur til álita, að framlag til raforkukerfisins verði bundið við skattgjald af raforkusölunni einni.

Raforkuvinnsla.

1. Meginstefnan sé, að orkuvinnslutæki séu sameign sveitarfélags og ríkis eða í eigu sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra. Fyrirtækin skulu hafa sérstaka stjórn.
2. Tryggt skal, að meiri hluti í stjórn orkuvinnslufyrirtækja sé búsettur á orkuveitusvæði viðkomandi fyrirtækis.

3. Við val á mannvirkjagerð til raforkuvinnslu og aðalflutnings ber að láta hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráða. Stefna ber að samtengingu raforkuvera og orkuveitukerfa. Samtengingar komi til framkvæmda, þegar þær eru hagkvæmari en aðrir valkostir til orkuöflunar eða tryggja betur öryggi.
4. Koma skal á fót samstarfsnefnd landshluta fyrirtækjanna varðandi orkuvinnslu og samrekstur.
5. Þar sem hagkvæmt telst, getur sama fyrirtækið annast bæði raforkuvinnslu og dreifingu.
6. Stefna ber að sömu heildsölugjaldskrá innan hvers landshluta.

Raforkudreifing.

1. Unnið skal að því, að allar dreifiveitur verði eign sveitarfélaga eða sameignarfélag þeirra.
2. Stefnt skal að sameiningu dreifiveitna í stærri einingar, þar sem hagkvæmt þykir. Stærð slíkra fyrirtækja er háð landfræðilegum og félagslegum mörkum, sem þurfa ekki að falla að mörkum orkuvinnslusvæða.
3. Þær dreifiveitur í strjálbýli, sem eru fjárhagslega óhagkvæmar, fái óafturkræf stofnfjárframlög úr Orkusjóði, sbr. 7. gr. gildandi orkulaga.
Þær dreifiveitur, sem búa við sérstaklega hátt heildsöluverð raforku, fái verðjöfnunargreiðslur úr Orkusjóði til niðurgreiðslu á smásöluverði.
4. Koma skal á samræmdri smásölugjaldskrá (staðgjaldskrá) fyrir allar veitur, þannig að raunverulegur samanburður fái á orkuverði til notenda.